

Vorboðar 18. febrúar 2019

Vorboðar Kór eldri borgara í Mosfellsbæ var stofnaður 16. des. 1989 og telur nú um 55 félagi.

Kórinn æfir einu sinni í viku á mánudögum í safnaðarheimili Lágafellssóknar kl. 12:45.

Kórinn tekur þátt í hinum ýmsu viðburðum í Mosfellsbæ og víðar, þ.á.m. kóramóti sem haldið er ár hvert ásamt 4 öðrum kórum.

Á vorönn Vorboða er m.a. þorrablót, söngur í Ísafold í Garðabæ og áður nefnt kóramót sem verður að þessu sinni í Hafnarfirði. Vorferð og svo söngur í Guðríðarkirkju á uppstigningardag.

Í september fer kórinn í sína aðra utanlandsferð og að þessu sinni til Ítalíu.

Stjórnandi og raddþjálfari Vorboða er Hrönn Helgadóttir

Úlfhildur Geirsdóttir formaður